

Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf.:

Viðhorfsbreyting og heimamönnum treyst



- Sjá miðopnu

Oftar en ekki í næsta nágrenni



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 21. FEBRÚAR 2023 // 8. TBL. // 45. ÁRG.

Dregur úr hraða á landrisi eins og fyrir síðustu gos

Viðbendingar eru um að dregið hafi úr hraða landrissins undir Svartsengi síðustu daga. Eldfjalla- og náttúruvárhópur Suðurlands greinir frá þessu. Þetta er þekkt atburðarás í aðdraganda síðustu eldgosa.

Í kjölfar eldgossins 8. febrúar var hraði landrissins meiri en fyrir eldgosid. Í ljósi þess var því spáð að um næstu mánaðamót yrði kvikumagnid í kerfinu orðið svipað og fyrir gos, þ.e.a.s. að kerfið myndi þá vera búið að endurhlaða sig.

GPS mælur á svæðinu hafa síðustu daga sýnt mun minni hraða á landrisinu samanborið við fyrstu dagana eftir eldgosid. Álíka ferli hefur sést í aðdraganda innskotana fjögurra síðustu mánuði.

Síðustu sólarhringana í aðdraganda þeirra atburða dró verulega úr landris, eða það stöðvaðist alveg. Á sama tíma byggist upp þrýstingur í kerfinu þar sem innstreymi kviku inn í kvikuhólfid heldur áfram.

Frá eldgosinu 8. febrúar.
VF/Hilmar Bragi



Vonir standa til að kalt vatn muni renna að nýju til Grindavíkur á fimmtudag en unnið hefur verið að viðgerð á vatnslögninni sem skemmdist í kjölfar þess að hraun rann yfir lögnina. VF/Hilmar Bragi

Leggja bráðabirgðalögn fyrir heitt vatn til Grindavíkur yfir hraunið

Í ljós hefur komið að nýja hitaveitulögnin sem unnið var að því að leggja í jörðu þegar hraun rann yfir hana þann 14. janúar reyndist vera skemmd.

Þetta kom í ljós við mælingar á rennsli lagnarinnar og svo virðist sem hátt í helmingur af því heita vatni sem sent er frá orkuverinu í Svartsengi tapist á leiðinni til Grindavíkur.

Þetta skýrir hvers vegna erfitt hefur reynst að ná upp þrýstingi í hitaveitunni í Grindavík, þrátt fyrir að búið sé að gera við alla helstu leka sem vitað er um í bænum.

Erfiðlega hefur gengið að finna bilunina undir hrauninu og hefur nú verið ákveðið að leggja slóða yfir hraunið þar sem bráðabirgðalögn verður lögð með sama hætti og gert var þegar Njarðvíkuræðin var tengd að nýju til bráðabirgða.

Kemur allt með kalda vatninu

Unnið hefur verið af kappi síðustu daga við að tengja nýja kaldavatnslögn til Grindavíkur. Lögnin liggur í hrauninu sem rann yfir Grindavíkurveg þann 14. janúar. Gamla lögnin gaf sig í kjölfar eldgossins í janúar og hefur Grindavíkurbær því verið án vatns.

Byrjað verður að hleypa köldu vatni á hafnarsvæðið í Grindavík í áföngum á fimmtudag í þessari viku. Atli Geir Júlíusson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar, sagði á íbúafundi með Grindvíkingum á mánuðagskvöld að vatninu verði hleypt á bæinn í ákveðnum skrefum. Það

sé m.a. vegna þess að ekkert vatn hafi verið um tíma á dreifikerfinu og ekki sé vitað um ástand þess.

Í framhaldi af því að kalt vatn kemst á dreifikerfið mun ástand á fráveitukerfinu koma í ljós. Grindvíkingum hefur verið ráðið frá því að nota salerni vegna vatnsleysis. Fram kom í máli Atla Geirs á íbúa-

fundinum að hann væri bjartsýnn með að fráveitan í vesturhluta bæjarins og við hafnarsvæðið væri í lagi en hafði meiri áhyggjur af austari hluta bæjarins, þar sem nýr sigdalur myndaðist í eldsumbrotunum 14. janúar. Það má því segja að þetta komi allt með kalda vatninu.

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOG ÓSK
ELINBOG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Innbrotsgengi fóru í hús á Suðurnesjum



■ Brotist inn í nokkur hús að undanfögnu. ■ Peningum og skartgripum stolið.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur að undanfögnu rannsakað þrjú innbrot í hús á Suðurnesjum. Sameiginlegt er með öllum innbrotunum að þjófarnir fóru mikinn á heimilunum, rótuðu í öllu þar sem möguleiki var að finna peninga eða dýrari skartgripi. Þeim varð vel ágengt í öllum innbrotunum, tóku skartgripi og peninga og í einu tilfellinu numu þeir á brott peningaskáp með fjármunum og verðmætum.

Að sögn Jóns Halldórs Sigurðssonar, lögreglufulltrúa í rannsóknardeild er unnið hörðum höndum að rannsókn málaanna. Ekki liggur fyrir heildarverðmæti sem stolið var.

Í öllum þremur innbrotunum létu innbrotsgangarnir aðra hluti vera eins og fartölvur og önnur tæki. Í fyrsta innbrotinu sem var aðra helgina í janúar var farið inn í fyrsta húsið af þremur en það er í Garði. Þremur vikum síðar var

farið í tvö hús í Reykjanesbæ, það seinna þegar húseignendur höfðu farið annað til að gista á meðan ekki var heitt vatn í Reykjanesbæ.

Jón Halldór segir mikilvægt að nágrannar láti lögreglu vita eða hringi í 112 ef þeir sjá grunsamlegar mannaferðir. Skrifu hjá sér bílnúmer eða lýsingar á fólki ef eitthvað óvanalegt á sér stað.



Páll Ketilsson
pket@vf.is

Allt hreint
Umhverfissvöttuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

„Ömurleg heimkoma“

■ Þjófarnir grömsuðu og fóru í skúffur og skápum í svefnherbergjum og eldhúsi.

„Þetta var ömurleg heimkoma eftir þorralót. Þegar við komum heim um klukkan hálf þrjú á laugardagskvöldi var allt á rúí og stúi inni hjá okkur. Þeir tættu og grömsuðu í skúffum og skápum í svefnherbergjum og í eldhúsinu og því miður varð þeim ágengt. Þeir tóku skartgripi sem ég átti talsvert af en við höfðum einnig geymt peninga sem þeir fundu,“ segir kona í einu af einbýlishúsunum sem innbrotsgangarnir brutust inn í nýlega.

Konan segir að eftir atvikið hafi hún rætt við fólk um þessi mál. Margir virðast geyma fjármuni í svefnherbergjum eða í eldhússkápum. Einnig í náttborðsskúffum og í umræddu dæmi tóku þjófarnir verðmæti þaðan en konan nefndi einnig nærfataskúffu sína en að hennar sögn virðast margar konur geyma verðmæti þar. En þjófarnir tóku verðmæti úr barnaherbergjum og slepptu ekki peningabaukum barnanna. Í tveimur

tilvikum hefur verið brottist inn hjá eldri hjónum þar sem þjófarnir náðu að stela talsverðum verðmætum í peningum og skartgripum. „Mig grunar að margt eldra fólk eigi of mikla peninga heima hjá sér og við vitum um mörg dæmi um að eldri konur eigi marga dýrmæta skartgripi,“ segir konan.

Þjófarnir léu allar tölvur vera, bæði fartölvur, tölvuskjái og leikjatölvur. „Ég hef verið að fletta upp

myndum af skartgripum sem ég átti til að geta sýnt tryggingafélaginu en ekki gengið nógu vel. Ég myndi mæla með því að fólk skrái þessar eignir sínar og best væri líklega að taka myndir til að eiga, t.d. af skartgripunum.“

Í þessum innbrotum hafa þjófarnir komist inn um glugga, t.d. á bak við hús. Í tilfelli konunar sem VF ræddi við fóru þeir inn um lítinn glugga í bílskúrnum.

Samkvæmt heimildum VF er talið líklegt að um vana menn sé um að ræða og af erlendum uppruna. Nokkuð hefur verið um svipuð innbrot á höfuðborgarsvæðinu og rætt um innbrotsgengi. Í öllum tilfellunum á Suðurnesjum voru húseignendur ekki með myndavélar við hús sín eða öryggiskerfi.

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



Frá vettvangi slyssins þegar bifreiðin endaði í lagnaskurði við Meidastaði í Garði. Myndir/auðsendar

Klippa þurfti ökumann úr bíl sem endaði ofan í lagnaskurði

Rjúfa þurfti þak fólksbíls til að ná ökumanni út eftir að bíll hans endaði ofan í opnum lagnaskurði á Meidastaðavegi í Garði síðasta fimmtudag. Ökumaðurinn var fluttur á sjúkrahús til aðhlýnningar en hlaut ekki mikil meiðsl og fór til síns heima eftir skoðun á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Skurðurinn var opin og mikil hálka á veginum en ökumaðurinn var einn í bifreiðinni þegar slysið átti sér stað.

Bíllinn er ónýtur eftir óhappið. Tveir lögreglubílar mættu á vettvangi ásamt sjúkrabíl og tækjabíl slökkviliðs. Lögreglan segir í viðtali við Víkurfréttir að unnið sé að því að upplýsa það hvort merkingar hafi verið samkvæmt lögum og reglum. Fulltrúi verktafa segir að merkingar hafi verið við skurðinn en hálkan svo miki að bílstjórnin

hafi ekki ráðið við aðstæður. Eflaust megi þó alltaf gera betur í merkingum.

Tildrög óhappsins eru að sögn lögreglunnar í rannsókn en á vettvangi voru yfirstandandi framkvæmdir með opnum skurði fyrir miðjum veginum sem bifreiðin hafnaði ofan í. HS Veitur harma atvikið en verktaki framkvæmdarinnar er ÍAV. „Fyrirtækið leggur mikið upp úr öryggismálum og lítum við þetta tilvikið alvarlegum augum. Við erum að afla okkur upplýsinga um málsatvik til að geta brugðist við með það að markmiði að fyrirbyggja að svona lagað komi fyrir aftur. Liður í því er að endurskoða verkferla varðandi merkingar vinnusvæða verktaka á okkar vegum,“ segir í svari frá HS Veitum vegna málsins.



†

Elskulegur kærasti minn og besti vinur, stjúpaðir, faðir okkar, ástkær sonur, besti bróðir minn og tengdasonur,

EIRÍKUR ÖRN JÓNSSON,
Lögreglumaður,
Engjadal 2, Reykjanesbæ,

Lést af slysförum, miðvikudaginn 7. febrúar á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 23. febrúar klukkan 12.
Athöfninni verður streymt á <https://www.facebook.com/groups/eirikur>
Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á styrktarreikning sem stofnaður hefur verið fyrir börnin:
Kt. 690482-1349, reikningur nr. 542-14-402011.

Svandís Erna Þórðardóttir
Índiana Ellen Fredsholt
Leonard Aron Emmuson Eiríksson
Edvard Dagur Eiríksson
Anný Brynja Eiríksdóttir
Brynja Sigfúsdóttir Jón Axel Steindórsson
Vilhjálmur Þór Jónsson
Elín Hildur Ástráðsdóttir Þórður Bogason

Allt fyrir konudaginn!

Tilboðin gilda 22.–25. febrúar

App-tilboð!

Lambalæri, kryddað



35% appsláttur



Jarðarber, 300 g

899 kr/pk

KJÖTSEL



Bæonne-skinka

1.250 kr/kg

2.499-kr/kg

KJÖTSEL



Hamborgarar, 4x90 g, með brauðum

999 kr/pk

1.599-kr/pk

Heilsuvara vikunnar

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

ÄNGLAMARK

Mundu eftir konudeginum 25. febrúar



Krossmói
Opið 10–19

Iðavellir
Opið 10–21



Betra verð með appinu!



netto

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Stjórnendur og starfsfólk Skólamatar fann lausnir þegar heita vatnið hætti að renna um tíma. Fanný, Jón og faðir þeirra Axel ásamt nokkrum starfsmönnum tóku á því í uppvaskinu.



Eigendur Skólamatar keyrðu til Hafnarfjarðar til að vaska upp

„Jú, þetta heitir líklega að hlaupa í öll störf. Við áttum góða stundir saman fjölskyldan í uppvaskinu,“ segir Fanný Axelsdóttir en eigendur Skólamatar keyrðu til Hafnarfjarðar á sunnudaginn, settu á sig svuntuna og vöskuðu upp óhrein mataráhöld og leirtau svo hægt væri að halda starfsemi gangandi í komandi viku.

Á fimmtudaginn í síðustu viku þegar eldgos blossaði við Sundhnúk og flæddi yfir heitavatnslögn sem leiddi af sér heitavatnslögn á Suðurnesjum varð fjölskyldan í Skólamat að hugsa út fyrir kassann og finna leiðir til að halda starfsemi áfram svo hægt væri að afgreiða skólamáltíðir í leik- og grunnskólum sem fyrirtækið þjónustar.

Uppvöskunnarvélur og önnur tæki nýta heitt vatn ásamt rafmagni og virkuðu því ekki í heitavatnslögn.

„Þegar ljóst var að hitaveitan kæmist ekki í gang um helgina var brugðið á það ráð að flytja óhrein mataráhöld og leirtau í annað eldhús á höfuðborgarsvæðinu. „Vinir okkar í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði buðust til að lána okkur uppvöskunaraðstöðu og

þar var vaskað upp allan sunnudaginn svo framleiðsla og starfsemi gæti haldið áfram í vikunni,“ segir Fanný. Eigendur Skólamatar þau Axel, Jón og Fanný fengu því nokkra starfsmenn með sér í verkið og allt gekk að óskum.

Hrein áhöld og leirtau voru flutt aftur til Reykjanesbæjar og starfsemi gekk snurðulaust fyrir sig á mánudeginum þrátt fyrir erfiðar aðstæður, heitavatnslögn, ekkert rafmagn og kulda í öllum húsum á svæðinu.

Það er óhætt að segja að starfsfólk Skólamatar hafi sýnt útsjónarsmi og lausnamiðaða hugsun svo þetta væri framkvæmanlegt. Börn

”

Vinir okkar í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði buðust til að lána okkur uppvöskunaraðstöðu og þar var vaskað upp allan sunnudaginn svo framleiðsla og starfsemi gæti haldið áfram í vikunni ...

á Suðurnesjum fengu því hollan mat í skólum og leikskólum strax á mánudag en skólahald hófst þá á lang flestum stöðum á Suðurnesjum.

„Á sunnudeginum leituðu svo til okkar leiksskólalastjórar í Reykjanesbæ sem alla jafna elda matinn sjálf í sínum leikskóla. Vegna skorts á rafmagni útvegaði Skólamatur þeim tilbúna heimalagaðar fiskibollur á bolludaginn og var mikil gleði og ánægja með bollurnar og skjót viðbrögð Skólamatar,“ segir Fanný Axelsdóttir, mannaútsjóri hjá Skólamat en fyrirtækið framleiðir um 15 þúsund máltíðir alla virka daga.



Reykjanes Optikk



Við erum á Aðaltorgi - verið velkomin!

Áratuga reynsla Sjónmælingar
Góð þjónusta Linsumælingar
Falleg vara Sjónþjálfun
Nýjungar í sjónglerjum og tækjum

Tímarpantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu www.reykjanestoptikk.is
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanestoptikk.is

FS stofnun ársins annað árið í röð

Fjölbautaskóli Suðurnesja varð í 1. sæti í flokki stórra stofnana í könnun Sameykis á stofnun ársins. Þetta er annað árið í röð sem FS hlýtur þessa nafnbót.

Val á Stofnun ársins 2023 var tilkynnt á hátíð Sameykis þann 15. febrúar en titlana Stofnun ársins og Stofnun ársins - borg

og bær hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr í könnun Sameykis meðal starfsmanna þeirra. Könnunin náði til starfsmanna í opinberri þjónustu hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum.

Stærðarflokkarnir eru stofnanir með færri en 40 starfsmenn, stofnanir með 40-89 starfsmenn og stofnanir með 90 eða fleiri starfsmenn. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fær FS þann titil nú í 8. sinn á síðustu tíu árum.



Kristján Ásmundsson, skólameistari, og Guðlaug Pálsdóttir, aðstoðarskólameistari, tóku við verðlauninum. Keflvíkingurinn Þórarinn Eyfjörð (t.v.) er formaður Sameykis.

TUNGLGRÁR

Ljósgrár litur með örlítið grænleitum undirtóni sem fer afskaplega vel sem grunnlitur með öðrum dökkgrænum litatönnum.

Mér hefur alltaf þótt það skapa fallegri heild að nota liti með sama undirtóni þegar fleiri litir eru notaðir í sama rými

Jóhanna
-Litaráðgjafi í BYKO



**GJOCO
MÁLNING
OG LÖKK
-25%**



MÁLNINGAR- DAGAR

Vnr. 80738127



NÚNA -25%
6.296
8.395



GJOCO ALLE ROM 2,7l.

Akrýl-innimálning sem hægt er að setja á veggj sem og loft. Hún er Svansvottuð, lyktarlítill og fljót að þorna. Alle Rom er þvottheldin og blettavarin sem gerir það að verkum að auðvelt er að þrifa þrátt fyrir að um matta málningu sé að ræða. Hún er með 5% gljástig.

Vnr. 80602727



NÚNA -25%
4.946
6.595



GJOCO INTERIOR 10 2,7l.

Gjoco Interior 10 er akrýl-innimálning ætluð á veggj. Hún hefur góða þekju og er slitsterk. Málningin er svansvottuð og lyktarlítill. Hún er með 10% gljástig sem er hefðbundinn glans á veggjum innandyra. Fáanleg í mörg hundruðum lita í 0,68L, 2,7L og 9L einingum.

Vnr. 80602809



NÚNA -25%
9.371
12.495



GJOCO PROFF TAK/LOFT

Loftamálning 2% - Gjoco Tak/Loft 02 er hvít vatnsþynnaleg PVA-innimálning ætluð á loft. Hún hefur góða þekju, er Svansvottuð og fljót að þorna. Hún er með 2% gljástig sem er hefðbundinn glans á loft innandyra. Fæst í 9L einingu.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/éða myndabrengl.

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



H I T A V E I T A R A T Ú S N
 I L Ó R Ó I Ð R O F A Ð R O K
 A S M U S T Ú R U Ð Ó J R A E
 J É A Ð T O R B N N I Ð K Ó F
 N Ð R A K A M B Ó K U S T É U
 G Ú Ú N S R G É R R Ó Ð A U R
 Ö S M U G U G E L Ú P Æ G R M
 L U M M A M M J Ó S É U F A U
 S P E D B A Ó T S Æ L S A R L
 N L Ú Ð K S Ó L É F U G N E L
 T G S I K M K A N E P A É T A
 A A R J S A G N U L R U T S É
 V T H D N U T S A N G A S U Æ
 S B Ú K O L L U R S T G U D P
 A I R Ó J T S U L G E R G Ö L

NORÐURLJÓS
 LÖGREGLUSTJÓRI
 STRIKAMERKI
 VATNSLÖGN
 HITAVEITA
 BÚKOLLUR
 TÓMARÚM
 SAMUR
 INNBROT
 STURLUNGA

FLUGUR
 SAGNASTUND
 RJÓÐUR
 KRÚS
 TAGL
 LUMMA
 ORDAFORÐI
 APENA
 MUNAÐUR
 URMULL

Gangi þér vel!



Metfjöldi mætti á sagnastund á Garðskaga



Metfjöldi var á sagnastund á Garðskaga um nýliðna helgi þar sem Friðþór Eydal, fyrrum upplýsingafulltrúi Varnarliðsins, sagði sögur frá stríðsárunum á Suðurnesjum, frá veru Varnarliðsins og kafbátahernaði á Faxaflóa.

Næsta sögustund verður um miðjan mars en þá mun Konráð Lúðvíksson, læknir, koma og segja sögur frá Hafurbjarnarstöðum og ýmsu öðru.



SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrn umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is // f

Bátar halda áfram að að tvílanda

Febrúarmánuður svo til hálfnaður og hefur verið mjög góður varðandi aflabrogð. Í raun er búin að vera mokveiði og það að bátar þurfi að tvílanda heldur áfram. Daðey GK, Hulda GK, Óli á Stað GK og Geirfugl GK hafa allir þurft að landa tvisvar sama daginn út af mokveiði.

Litum á aflabrogðin. Sævík GK er komin með 110 tonn í átta róðrum og mest 23 tonn í einni löndun en báturinn landar í Þorlákshöfn, Margrét GK 100 tonn í níu róðrum og mest 17,5 tonn, Óli á Stað GK 85 tonn í sex róðrum en báturinn byrjaði í Sandgerði og fór síðan yfir í Þorlákshöfn, Daðey GK 90 tonn í tíu löndunum en hafa ber í huga að þessar tíu landanir eru á sex dögum því einn daginn þurfti Daðey GK að landa þrisvar 29,6 tonnum. Næst þurfti Daðey GK að landa tvisvar sama daginn og var þá með 24,4 tonn og síðan þurfti báturinn aftur að landa tvisvar og var þá með um 21 tonn. Dúddi Gísla GK er með 75 tonn í fimm róðrum og mest 25 tonn í róðri, Hópsnes GK 34 tonn í fjórum og Geirfugl GK 48 tonn í fjórum róðrum, þar af kom báturinn með 19 tonn sem var landað í tveimur róðrum sama daginn. Hulda GK 38 tonn í fjórum róðrum og athygli vekur með þennan afla að þessar fjórar landanir voru á sitthvorum deginum en báturinn þurfti að landa tvisvar sitthvorn daginn, fyrst með um 18 tonn og síðan með um 20 tonn.

Netabátarnir hafa veitt vel og er Erling KE kominn með 239 tonn í tólf róðrum, mest 45 tonn í róðri, Friðrik Sigurðsson ÁR er kominn með 103 tonn í þrettán róðrum og Jökull ÞH 243 tonn í fjórum róðrum og mest 80 tonn.

Jökull ÞH er nefndur hérna þó báturinn landi reyndar ekki á Suðurnesjunum en hann er með netin sín utan við Garðskagavita og utan við Sandgerði. Báturinn



veiðir í sig, sem þýðir að báturinn landar á nokkurra daga fresti en Jökull ÞH kemur í Keflavík og liggur þar meðan netin eru í sjó. Sama og Kap VE hefur gert. Skipstjórinn á Jökli ÞH er Sigvaldi Hólmgrímsson, sem var lengi skipstjóri á Grímsnesi GK, en hann er sonur Hólmgríms sem er núna með Friðrik Sigurðsson ÁR á leigu og gerir út Halldór Afa GK sem hefur hafið veiðar á netum og landað 5 tonnum í þremur róðrum.

Hjá dragnótábatunum er Sigurari GK kominn með 143 tonn í ellefu róðrum og mest 23 tonn, Maggy VE 115 tonn í átta og mest 23 tonn, Benni Sæm GK 100 tonn í níu og mest 21 tonn, Siggi Bjarna GK 74 tonn í níu og mest 14 tonn og Aðalbjörg RE 28 tonn í sjó. Aðalbjörg RE er að eltast við kolann, sem er öfugt við hina dragnótábatanna sem eru í ufsa og þorskinum.

Þó nokkur fjölgun hefur orðið á færabátunum og núna, þegar þetta er skrifað, hafa þrjár færabátar á Íslandi náð að landa yfir tíu tonnum frá áramótum á færum. Það er ansi gott. Þessir þrjár bátar eru Dímon GK sem er kominn með 10,3 tonn í tíu róðrum, Agla ÍS 11,6 tonn í ellefu róðrum og Guðrún GK sem er aflahæst færabátanna á Íslandi

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@afllafrettir.is



Það sem af er árinu og er komin með 11,9 tonn í átta róðrum.

Þessir þrjár færabátar hafa verið að eltast við ufsann og gengið mjög vel og má segja að góða færaveiðin frá Sandgerði hafi dregið að sér báta utan af landi, t.d. kom bátur frá Skagaströnd núna til Sandgerðis og sá bátur heitir Viktor Sig HU.

Núna, fyrst svona mikill fjölgun er á færabátum í Sandgerði, þá þarf hafnarstjórn í Sandgerði að skoða hvort hægt sé að fá mann á kranana í Sandgerði svo sjómenn sem eru einir á bátum þurfi ekki að klifra upp og niður stigana til þess að hífa fisk úr báti. Á fjöru er ansi langt niður í bát, allt upp í þrjá til fjóra metra, og því munar talsvert um að höfnin sé með mann á krananum eða þá eitthvað samkomulag við Fiskmarkaðinn.

Sandgerðishöfn hefur reyndar því miður verið með mjög neikvætt orðspor á sér út af þjónustleysi, en síðustu tvö ár hefur þjónustan við höfnina batnað mjög mikið og orðsporð Sandgerðishafnar hefur breyst töluvert – en hægt er að gera betur.




TAKK FYRIR SÝNDA SAMSTÖÐU!

Þökkum kærlega fyrir sýnda samstöðu þegar eldgos hófst 8. febrúar með þeim afleiðingum að truflanir urðu á rafmagni og heitt vatn fór af í nokkra daga.

Íbúar, starfsfólk fyrirtækja á svæðinu og sérstaklega HS Orku, HS Veitna, Landsneti, Almannavarna, Embættis ríkislögreglustjóra, umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum, Brunavarna Suðurnesja auk fjölmargra annarra viðbragðsaðila og verktaka sem stóðu vaktina og komu okkur í gegnum þetta ástand, eiga þakkir skildar.

Á tímum sem þessum þurfa allir að leggast á eitt til þess að hlutirnir gangi upp – og þá erum við öll Almannavarnir.

 Landsbankinn



Lagnabjónusta
Suðurnesja ehf.
Pípulagningaverktaki

 GRJÓTGARDAR EHF

Lyfjavaló



KADECO
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY

 Airport
Associates
-at your service!

 JYSK

BENNI PÍPARI
Löggiltur pípulagningaverktaki
842-6000
benni@bennipari.is

 REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTIKANS

 KSK
KAUPFÉLAG SUÐURNESJA

SPORTHÚSIÐ
REYKJANESBÆ



 SECURITAS

 S-PRÁUTUN
BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Njálshólfur 15 | 260 Reykjavík | Sími 421 2999 | Faxími 896 1717

VIÐ STÖNDUM SAMAN – ÖLL SEM EITT!



Frá eldgosinu við Grindavík 14. janúar 2024. VF/Ísak Finnbogason

Viðhorfsbreyting og heimamönnum treyst

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. í Grindavík, segir að sólarhringsopnun á Grindavík breyti ekki miklu en það sé viðhorfsbreyting að þetta sé á höndum fólksins að vera. „Húsin eru kaldavatnslaus og hitalaus, þannig að það er enginn að búa í þeim. Þetta er yfirlýsing um að nú er heimamönnum treyst til að fylgja þessu eftir,“ segir í Pétur í samtali við Víkurfréttir.

VF GRINDAVÍK

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Hver er staðan hjá ykkur í Vísi í dag?

„Við fylgjumst með eins og aðrir og fögnum öllu því sem ýtir undir það að við förum af stað.“

Þið hafið flutt eitthvað af ykkar starfsemi til Helguvíkur.

„Við settum upp eina línu þar og erum reyndar að framleiða fisk sem við vorum ekki að gera hér. Við vorum að bregaðst við því að hér í Grindavík þurfum við að fara inn og út einu sinni í mánuði. Það er einfaldlega of erfitt að vera með saltfiskinn í því. Þetta eru svo miklir massaflutningar. Við erum frekar að horfa að að koma með aðra starfsemi sem er birgðaminni þegar þetta byrjar. Starfsemi í Helguvík er öðruvísi framleiðsla en við vorum að gera herna í Grindavík. Það sem við erum að gera í Helguvík er svokölluð portvinnsla, einföld. vinnsla og unnið úr stærri fiski, vertíðarfiski og það er gamli vertíðarbragurninn á því.“

Pétur segir milljarðaverðmæti í húsum og tækjum í Grindavík sem bíða eftir því að vera sett í gang. Hann segir að endurræsingin þurfi að vera örugg fyrir alla, að fyrirtækin séu rekstrarhæf og fólkið sem vinnur þar sé öruggt.

Ertu vongóður um að það sé að birta yfir?

„Ég hef ekki hugmynd um það. Maður er bara í sama rússíbananum og allir aðrir. Við vonum bara að hægt og bitandi fari þetta í gang. Ég held að jörðin ráði því en við erum klár í það sem þarf að gera. Það eru svo margir sem koma að þessu. Almannaþingur, lögreglustjóri, ríkið og tryggingafélög. Það er fullt af aðilum eins og sveitarfélagið og veiturnar til að gera þetta mögulegt. Dagurinn í dag er upphafið af því að menn eru að byrja þessa uppbyggingarvinnu, að lokinni verðmætabjörgun og búslóðabjörgun.“



Hefur þetta ekki gengið alltof hægt?

„Við höfum margsagt það. Það leið alltof langur tími á milli atburða sem mönnum var haldið frá. Það er það sem við höfum gagnrýnt alveg stanslaust. Við þekkjum þetta svæði herna mjög vel. Við vitum hvað fimm tíu tonna trukkar hafa keyrt. Við erum í beinu sambandi við heimamenn sem þekkja hverja einustu holu og einustu sprungu. Við hefðum geta verið herna meira og minna 90% af dögnum ef við hefðum ráðið því og stjórnað.“

Nú er mögulega stutt í næsta atburð. Ertu hræddur um að þá taki aftur við of langur biðtími?

„Nei, ég ætla að vona að menn séu búnir að læra það núna. Að taka við þessu sjálfir þýðir að við verðum að vera með öryggi á hreinu. Ég hef líkt þessu við það ef útgerðarfélögin tækju sig til og ákveddu það uppi á skrifstofu hvenær ætti að róa og hvenær ekki og tækju þau völd af skipstjóranum. Ég er ekki viss um að menn væru að róa á réttum tímum og færu á sjó þegar ætti ekki að vera á sjó og færu ekki á sjó þegar best væri og blíðast. Það gerðist hér síðast að við vorum með tvær vikur í blíðu á meðan dróninn sveif herna yfir og svo vorum við að þvælast hér í bænum síðustu dagana þegar við áttum ekki að vera herna. Það er alltaf betra að vera með menn á vettvangi sem stýra þessu. Við gerum okkur líka grein fyrir því að vera menn til að standa undir því,“ segir Pétur Hafsteinn Pálsson hjá Vísi hf.

Hvergi slakað á í u

■ Varakýndilausn í smíðum. ■ Borað eftir lágghita á Njarðvíkurheiði. ■ Varnir hitaveitunnar í f

Í samstarfi við almannaþingir og fjölmarga aðila leggur HS Orka nú allt kapp á að tryggja samfelldan rekstur á heitu vatni á Suðurnesjum. Það er gert með ýmsum aðgerðum í samræmi við áherslur almannaþingarinnar. Varnir Njarðvíkurheiðarinnar fyrir mögulegu hraunrennsli eru þar efst á blaði en auk þess er borun eftir lágghita í undirbúningi hjá fyrirtækinu og tiltækir varakýndilausnir þegar í undirbúningi ef þær aðstæður skapast að lagnir fara í sundur á ný. Þetta kemur fram á vef HS Orku.

Strax á mánudag í síðustu viku, þegar ljóst var að tenging Njarðvíkurheiðarinnar hefði tekist, hóf starfsfólk HS Orku undirbúning hjáveitu fyrir kaldavatnslögn sem liggur undir nýja hrauninu. Samsetning fer fram á svipuðum slóðum og suðuvinnan við hjáveitulögnina um síðustu helgi og verður lögnin tiltæk ef sú gamla gefur sig undir hrauni. Góður gangur er í verkinu og reiknað með að því verði lokið í vikulok.

Varnir hitaveitunnar í forgangi

Samhliða er unnið í kapphlaupi við tímann við að koma í veg fyrir að nýtt hraun renni yfir Njarðvíkurheiðina og hjáveitulögn hennar, sem lögð var yfir hraunið um helgina. Það er gert í samræmi við niðurstöður og líkanagerð frá innviðahópi almannaþingarinnar. Þar sem innan við þrjár vikur gætu verið í

næsta gos er öll áhersla lögð á að ljúka þeirri aðgerð innan þess tíma. Almannaþingir stýra þessari vinnu en í góðu samráði og samstarfi við starfsfólk HS Orku.

Fallið hefur verið frá því að steypa yfir lögnina eins og rætt var um strax eftir lagningu hennar á mánudag í síðustu viku. Mat sérfræðinga er að slík aðgerð gæti stuðlað að frekari hraunsöfnun við varnargarðana auk þess sem hún yrði mjög tímafrek. Nú er horft til þess að verja lögnina með mól og sandi eins og kostur er. Einnig stendur nú yfir vinna við að grafa þann hluta lagnarinnar, sem liggur yfir hraunbrautina, um 30 cm niður í nýja hraunið til að auka við festu hennar.

Borað eftir lágghita

Undirbúningur að borun eftir lágghita á Njarðvíkurheiðinni, skammt



frá Fitjum, er kominn vel á veg. Byrjað verður að bora á svipuðum slóðum og borað var síðast árið 1966, suðaustan við flugvallarsvæðið. Vonast var til að hægt yrði að byrja að bora á allra næstu dögum og er unnið að leyfismálum en ætla má að það taki þrjár til fjórar vikur að klára borun. Stefnt er að því að bora næstu holur einnig á Njarðvíkurheiðinni rétt við Vogshól en leyfismálin þar eru einnig í vinnslu.

Varakýndilausn er þegar í smíðum

Vinna hefur verið sett af stað við að útbúa varmaskiptistöðvar, sem verður hægt að tengja við olíu- eða rafkatla og nýta lágghitavatn samhliða til að framleiða heitt vatn. Allur búnaður yrði staðsettur inni í færanlegum gámi sem tekur við köldu ferskvatni og skilar afloftuðu 80°C vatni. Hver gámur getur afkastað um 50 l/s og getur notast eingöngu við olíu- eða rafkatla ef þess þarf. Smíði er þegar hafin á fjórum gámum og áætlað er að það



Mikil framleiðsla

Mælingar sem gerðar voru á nýja hrauninu um ísbil fimmtudaginn 8. febrúar gefa til kynna að þegar um 15 milljón rúmmetrar hrauns runnið kemur fram í færslu frá Eldfjalla- og náttúruvæðingunni Suðurlands á Facebook.

Miðað við það er ljóst að um 600 rúmmetra runnu að meðaltali á hverri sekúndu fyrstu tíminni kl 06.02 -13:00). Má gera ráð fyrir að rennslið enn meira á einhverjum tímamarki. Er þetta framleiðnin sem sést hefur í gosunum á Reykjfelli frá 2021 og á pari við það sem sást fyrstu vikunni Holuhraungosinu 2014.

Þessi mikla framleiðni hefur komið nokkuð á stöð og gæti hún verið helsta ástæða þess hve hratt

Undirbúningi

organgi.



taki um fjórar vikur að setja saman þessa lausn. Þá mun standa út af að tengja gámana við katlana. Það er Vélsmiðjan Héðinn sem sér um smíðina á gámunum.

Forsætisráðherra heimsótti Svartsengi

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, heimsótti Svartsengi í upphafi síðustu viku. Tómas Már Sigurðsson, forstjóri, ásamt Björk Þórarinsdóttur, fjármálastjóra, og Kristni Harðarsyni, framkvæmdastjóra framleiðslu, fóru yfir aðgerðir helgarinnar og sýndu ráðherra aðstæður við hraunbrautina og Njarðvíkuræðina. Einnig var farið að þeim stað þar sem unnið er að hækku háspennumasturs Landsnets á Svartsengislínu. Ekki bar á öðru en að ráðherra hefði þótt gagnlegt að sjá með eigin augum hvernig umhorfs er í Svartsengi eftir eldsumbrot síðustu viku og heyra hvernig HS Orka brást við atburðarrásinni í kjölfar eldgossins.



Unnið að vegagerðinni innan varnargarða við Svartsengi. Myndir/Vegagerðin



Vegur hefur verið lagður yfir hraunið sem rann 8. febrúar.



Gámafleti eru notuð til að brúa Austurveg í Grindavík.

Vinna að gerð nýs vegar innan varnargarða við Svartsengi

Vegagerðin vinnur nú að gerð nýs vegar innan varnargarða við Svartsengi. Eftir hinum nýja vegi verður hægt að fara frá Grindavíkurvegi að því sem eftir er af Bláalónsvegi, en hann fór að hluta til undir hraun 8. febrúar sl. Sá hluti sem eftir stendur er óskemmdur og tengist vestur fyrir Þorbjörn inn á Nesveg og þannig opnast aftur leiðin inn til Grindavíkur og einnig að þeirri starfsemi sem er í Svartsengi, þar með talið Bláa lóninu. Allt kapp er lagt á að þessi nýja tenging komist sem fyrst í virkni, en það verður vonandi fljótlega í þessari viku. Frá þessu er greint á vef Vegagerðarinnar.

Vegagerðin hefur þegar látið leggja nýjan veg yfir hraunið sem rann yfir Grindavíkurveg og er vonast til þess að sá vegkafla verði kominn í fulla virkni á næstu dögum.

Hitaskynjari í nýjum vegi

Unnið er við merkingar á nýja veginum sem lagður var yfir hraunið. Settar verða stikur, gátskildir og blikkljós á veginn en þar er hámarkshraði 50 km/klst. Ljóst er að ekki verður æskilegt að stoppa mikið á nýja veginum og viðhafa þarf mikla varúð þegar farið er um veginn. Settur var hitaskynjari við veginn í gær til að fylgjast með

hitnum þar, sem er á bilinu 50-80°C. Hitinn er þó heldur lægri á yfirborði vegarinnar.

Þá er verið að skoða með hvaða hætti hægt verður að koma Grindavíkurvegi í virkni alla leið inn til Grindavíkur. Vinna við hönnun á nýjum vegkafla stendur yfir, en breyta þarf veglínunni og aðlaga hana að breyttu landslagi vegna hrauns sem rann í janúar og varnargarða sem búið er að reisa.

Gámafleti nýtt sem brú

Vegagerðin hefur látið brúa Austurveg í Grindavík til bráðabirgða. Sprunga liggur í gegnum veginn

og var gripið til þess ráðs að brúa hann með tveimur samsíða gámafletum.

Vel er fylgst með Nesvegi og Suðurstrandavegi en eftir að Grindavíkurvegur fór að hluta til undir hraun í janúar hefur umferð um þá vegi aukist. Nesvegur skemmdist töluvert í jarðskjálftunum í nóvember og hefur kapp verið lagt á að halda veginum í lagi, t.d. með því að styrkja vegaxlir.

Vetrarþjónusta var strax í nóvember sett í forgang til að tryggja að leiðir til og frá Grindavík séu færar.

Áfram er unnið að því að kortleggja sprungur og hugsanleg holrými við Grindavík. Sérstakur jarðsjárdróni á vegum Vegagerðarinnar er notaður til verksins.

Vegagerðin fylgist nú sem fyrr grannt með jarðhræringunum og endurmetur reglulega allar áætlanir um viðgerðir á vegum til og innan Grindavíkur, segir á síðu Vegagerðarinnar.



ðni í gosinu

n hádeg-
ð þá höfðu
ð. Þetta
árhópi

r af hrauni
nana (frá
ð hafi verið
mesta
anesskaga
rnar í

á óvart
hlutirnir

brúðust á fimmtudagsmorgninum. Stuttu eftir upphaf eldgossins var litið á staðsetningu þess sem mjög heppilega, en um hádegisbil var hins vegar Grindavíkurvegur kominn undir hraun og Suðurnesin öll heitavatnslaus.

Gosið sem hófst við Sundhnúka 18. desember í fyrra er talið hafa náð 400 m³/s þegar mest lét. Eldgosið þrjú í Fagradalsfjalli náðu mest einungis um 50 m³/s þegar gosið við Litla Hrút hófst síðasta sumar.

Eldgosið fyrir jól átti sér stað á lengri sprungu en nýyfirastaðið gos, ásamt því að standa töluvert lengur yfir. Engu að síður náði það ekki sömu hæð í framleiðni og gosið 8. febrúar, segir í færslu hópsins.

Eldgosið 8. febrúar séð frá Reykjanesbæ.

VF/Hilmar Bragi Bárðarson



KEF RESTAURANT
HOTEL KEFLAVÍK

KONUDAGSTILBOÐ

ÞRIGGJA RÉTTA ÁSTARSEDILL ALLA
DAGA TIL OG MEÐ 25. FEBRÚAR
AÐEINS 10.900 KR

KONUDAGSBRÖNS SUNNUDAG
25. FEBRÚAR KL 11:30-15:00
FRÍR MIMOSA FYRIR ALLAR KONUR

BÓKAÐU BORDIÐ PITT Á HEIMASÍÐU OKKAR
KEFRESTAURANT.IS EÐA Í SÍMA 4207011

Nú förum við að hugsa um fyrirtækin

■ Grindavíkurbýggð verði reist sem fyrst. Erfitt hjá minni fyrirtækjunum. Fjölmenni og heitar umræður á íbúafundi

„Síðustu dagar hafa farið í að senda inn umsögn og koma því á framfæri varðandi íbúðarkaupin, slík vinna er í gangi varðandi frumvarp fyrir fyrirtækin“, segir Helga Dís Jakobsdóttir sem situr í Bæjarstjórn Grindavíkur fyrir Rödd unga fólksins. Talsverð umræða hefur verið á samfélagsmiðlum Grindvíkinga um opið samtal við bæjarfulltrúa og loksins var hægt að verða við því mánudaginn 19. febrúar og fór íbúafundurinn fram í Laugardalshöllinni og var vel sóttur.

Helga Dís myndar meirihluta í bæjarstjórn Grindavíkur ásamt tveimur frá Sjálfstæðisflokki, og einum frá Framsóknarflokki. „Ég var mjög ánægð með fundinn, það var kominn tími til að hitta íbúana, það er búið að standa til lengi en fljótt skipast oft veður í lofti. Mér fannst fundurinn ganga vel, það var kominn tími til að eiga þetta samtal. Auðvitað er sumt sem við erum ekki öll sammála um, það eru allir sárir og reiðir, við í bæjarstjórninni ekkert minna en aðrir íbúar því það má ekki gleymast,

við erum líka Grindvíkingar og erum að ganga í gegnum nákvæmlega sömu hlutina og aðrir íbúar. Sumum finnst kannski aðeins eins og þetta séum við í bæjarstjórninni og hinir íbúarnir, þetta er ekki þannig, við erum öll í sama liðinu. Það eru allir að gera sitt besta, síðustu dagar hafa farið í að senda inn umsögn og koma því á framfæri varðandi íbúðarkaupin, slík vinna er í gangi varðandi frumvarp fyrir fyrirtækin, það þarf að hlúa að þeim líka“, sagði Helga Dís.



Bæjarstjórn Grindavíkur sat fyrir svörum á búafundi í Laugardalshöllinni

Efitt hjá minni fyrirtækjunum

Staða smærri fyrirtækjaeigenda í Grindavík er erfið, Brynjar Pétursson nuddari hefur þó náð að halda sinni starfsemi gangandi en á nýjum stað.

„Það sást á þessum fundi að það þurfa vera skilvirkar upplýsingar, við þurfum að fá að vita hvað sé að, hvernig eigi að laga, hver ræður þessu og hver ræður hinu. Bæjarstjórnin hefur ekki getað gert neitt í sumum málum því hún hefur engin völd. Ég var ánægður með þau svör sem komu fram á fundinum, bæjarstjórnin svaraði eftir bestu getu að því sem var spurt. Ég er ekki í minnsta vafa um að við byggjum Grindavík upp aftur, eina spurningin er bara hvenær. Ég gat flutt nuddstofuna mína í Voga, er

með fina aðstöðu þar og við búum í Keflavík. Grindvísku kunnarnir mínir eru auðvitað úti um allt svo þetta hefur alveg haft áhrif en yfir höfuð hefur þetta gengið vel og ég kvarta ekki. Varðandi framtíð Grindavíkur spyr ég einfaldlega af hverju við sameinum ekki bara öll sveitarfélögin á Suðurnesjum í eitt, þannig getum við betur tekist á við þetta og engin átök eiga sér stað“, segir Brynjar.

Blæða út

Það hefur verið erfiðara hjá Jakobi Sigurðssyni og félögum í Fjórhjóla-ævintýri, þeir gera út á fjórhjólaferðir í nágrenni Grindavíkur og fóru síðustu ferðina 10. nóvember, rétt áður en allt fór á hliðina í Grindavík. „Ég var ánægður með fundinn, það var kominn tími til að eiga þetta samtal við bæjarfulltrúana okkar, við höfum verið að kalla eftir því. Mér fannst gott að heyra að við erum öll að fara klára þetta verkefni saman, bæjarstjórnin og við íbúarnir, mér fannst það vera stemningin hér í dag. Varðandi okkar rekstur þá er þetta auðvitað erfið, við höfum ekki getað farið einn túr með ferðafólk síðan 10. nóvember. Svæðið er ekki öruggt og það þarf að tryggja það áður en við getum haldið áfram. Okkur er hægt að blæða út, það hefur ekki verið neinn stuðningur til þessa nema launastuðningur en við höfum talað við ráðamenn og vonandi fer eitthvað koma í ljós með það. Bæjarstjórnin talaði um að nú fari þau að hugsa um fyrir-

tækin og vonandi kemur eitthvað gott út úr því. Við vorum byrjaðir á öðrum rekstri samhliða, vorum að byggja hús í Grindavík. Þarna eru hendur sem eru tilbúnar að vinna og byggja annars staðar og ég vona að sem fyrst verði ráðist í að reisa Grindavíkurbýggð einhvers staðar, við gætum komið að þannig uppbyggingu. Hvar sú byggð á að rísa er svo annað mál, helst nálægt sjó en það kemur enginn staður í staðinn fyrir Grindavík, þar viljum við öll vera og munum vonandi sem flest snúa þangað aftur þegar þessum atburðum lýkur“, sagði Jakob.

Vona að jörðin roíst

Guðbjörg Hermannsdóttir er einn íbúa Grindavíkur og var á fundinum. „Mín upplifun af fundinum var mjög góð, gott að sjá Grindvíkinga koma saman og fá svör við þeim spurningum sem hægt er að fá svör við, við erum að glíma við móður náttúru og það er ekki hægt að fá svör við öllu. Ég var með nokkrar spurningar fyrir bróður minn sem er að byggja en aðallega vildi ég koma og sjá hvað er í gangi. Ég og mín fjölskylda höfum aðeins þurft að fara í sundur, við erum sex og þurftum að dreifa okkur því við fengum ekki húsnæði fyrir okkur öll og ofan á það er ég með gæludýr. Dóttir mín náði að kaupa sér íbúð á Ásbrú, sonur minn gistir hjá henni því hann er í skóla þar og við hjúin erum með yngstu á Völlunum í Hafnarfirði, fáum að hafa kisurnar þar með okkur. Ég veit ekkert hvort við munum flytja aftur til Grindavíkur, þetta er eins og draga eitthvað úr hatti, ég vona að jörðin muni róast sem fyrst en tíminn verður bara að leiða það í ljós. Ég get ekki sagt af eða á í dag, ég vil sjá náttúruna klára sig áður en ég tek ákvörðun. Ef ég myndi snúa til baka yrði Þórkötlu- staðarhverfið minn ákjósanlegasti staður, ég vil vera nálægt sjónum, þar líður mér best“, sagði Guðbjörg að lokum.

Tollverðir í Keflavík

Spennandi störf í lifandi umhverfi



Stöður tollvarða í Keflavík eru lausar til umsóknar hjá Skattinum - Tollgæslu Íslands. Störf tollvarða eru fjölbreytt og lifandi sem henta traustu og ábyrgu fólki af öllum kynjum.

Reynsla og þekking úr öðrum störfum nýtist vel í starfi tollvarða. Háskólamenntun er einnig eftirsóknarverð þar sem í mörgum verkefnum er lögð áhersla á greiningarhæfni, talnalæsi, tölfraði, skýrslugerð og tölvufærni.

Í tengslum við ráðningu tollvarðar þurfa umsækjendur að þreyta inntökupróf/líkamsgetupróf en dagsetning prófsins verður tilkynnt eftir að umsóknarfrestur rennur út. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér nánari upplýsingar um prófið á vefslóðinni: skatturinn.is/um-rsk/tollskoli-rikisins/inntokuprof

Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining á áhættu í vöru- og farþegaflæði og úrvinnsla gagna.
- Sérhæfðar leitir m.a. með gegnumlýsingarbúnaði, svo sem í farangri og í vörusendingum.
- Almenn töllefirlit á vettvangi, svo sem í flugstöð, flugvélum, vöruhúsum og á hafnarsvæðum.

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til jafns við það.
- Greiningarhæfileikar.
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi.
- Samviskusemi, nákvæmni og traust vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Almenn ökuréttindi.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Tollvarðafélag Íslands hafa gert.

Umsækjendur um starf tollvarðar þurfa auk ofangreinds að hafa náð 20 ára aldri sem og að geta framvísað hreinu sakavottorði.

Ferilskrá þarf að fylgja, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir svo umsókn teljist fullnægjandi. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Starfshlutfall er 100%



Vinabæjarsamstarf við Fjaler til umræðu í Vogum

Samstarf frístunda- og menningarnefndar Sveitarfélagsins Voga við Norrænafélagið um vinabæjarsamstarf var til umræðu á síðasta fundi nefndarinnar.

Norræna félagið kynnti á fundinum fyrir frístunda og menningarnefnd hvernig það sér fyrir sér samvinnu um samskipti við vinabæ Voga, Fjaler í Noregi. Frístunda- og menningarnefnd leggur til að Norræna félagið bíði eftir svári frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og í framhaldi verði skoðað hvernig sveitarfélagið komi að verkefninu.

Flóttamenn í Reykjanesbæ voru ellefu hundruð í desember

Í desember 2023 dvöldu 1.119 manns sem flóttamenn í Reykjanesbæ. Samkvæmt bestu mögulegu sviðsmynd við gerð aðgerða-áætlunar átti Reykjanesbær að fara að sjá fækkun í maí/júní 2024 en samkvæmt raunhæfustu sviðsmyndinni sem dregin var upp þá var ekki talið líklegt að það myndi nast fyrr en í október/nóvember 2024. Samkvæmt aðgerðaáætluninni stefnir Vinnuálastofnun á að fjöldinn verði um 900 umsækjendur um alþjóðlega vernd í úrræðum Vinnuálastofnunar í Reykjanesbæ á þeim tíma.

Þetta kemur fram í svári við bókun D-lista í bæjarstjórn Reykjanesbæjar frá 9. janúar 2024. Í bókuninni lýsa Sjálfstæðismenn yfir áhyggjum sínum um að markmið áætlunarinnar næðust ekki.

Samningur var gerður í október 2022 milli Reykjanesbæjar og Félags- og vinnuarkaðsráðuneytisins um samræmda móttöku flóttafólks en í henni

átti að fækka flóttafólki úr 300 í 150 á árinu 2023. Í lok árs 2023 voru 264 einstaklingar í þjónustu í samræmdri móttöku flóttafólks.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir, yfirtollvörður, í síma 442-1000 eða í tölvupósti á

guðrun.s.rikardsdottir@skatturinn.is

Umsóknarfrestur er til og með

26.2.2024 og verður öllum

umsóknum svarað þegar ákvörðun

hefur verið tekin um ráðningu.



TAKK FYRIR SÝNDA SAMSTÖÐU!

Þökkum kærlega fyrir sýnda samstöðu þegar eldgos hófst 8. febrúar með þeim afleiðingum að truflanir urðu á rafmagni og heitt vatn fór af í nokkra daga.

Íbúar, starfsfólk fyrirtækja á svæðinu og sérstaklega HS Orku, HS Veitna, Landsneti, Almannavarna, Embættis ríkislögreglustjóra, umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum, Brunavarna Suðurnesja auk fjölmargra annarra viðbragðsaðila og verktaka sem stóðu vaktina og komu okkur í gegnum þetta ástand, eiga þakkir skildar.

Á tímum sem þessum þurfa allir að leggast á eitt til þess að hlutirnir gangi upp – og þá erum við öll Almannavarnir.



VIÐ STÖNDUM SAMAN – ÖLL SEM EITT!

Útlendingamál í ólestri

Guðbergur Reynisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ.

Það hefur lengi verið vitað að útlendingamál í Reykjanesbæ eru í algjörum ólestri. Samkvæmt nýjustu tölum, sem komu fram vegna fyrirspurnar minnar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar, kemur í ljós að í Reykjanesbæ dvelja samtals 1.383 hælisleitendur og flóttamenn. Reykjanesbær hefur verið í fremstu víglinu í þessum málaflokki og hreinlega óboðlegt að leggja slíkar byrðar á eitt bæjarfélag.

Nú hefur Samfylkingin áttað sig á því að fjöldi innflytjenda hefur farið úr 10% af mannfjölda í 20% á sex, sjö árum og er nú fimmtungur landsmanna. Sami flokkur sem hefur verið í fararbroddi fyrir því að hleypa öllum inn í landið er nú farinn að hafa áhyggjur. En það er auðvitað engin stefnubreyting hjá þessum flokki sem hefur ráðist með hatrömmum hætti á alla þá sem hafa vogað sér að gagnrýna stjórnleysi í þessum málum. Svo erum við með Vinnuálastofnun sem sölsar undir sig eignir í sveitarfélaginu með því að leigja út íbúðarhúsnæði og gistiheimili fyrir umbjóðendur sína. Það sem verra er, stofnunin gerir þetta í skjóli róttæks ráðherra Vinstri grænna sem segir aðspurður að hér sé einfaldlega svo mikið af lausu húsnæði. Ég efast um að íbúar Reykjanesbæjar taki undir þá fullyrðingu, enda leiguverð utan höfuðborgarsvæðisins orðið hæst í Reykjanesbæ.

Síðasta sumar urðu svo margir fyrir áfalli þegar bréf barst frá fyrirtæki sem sér um almenningssamgöngur hér í bæ þar sem lýst var yfir neyðarástandi t.d. vegna þess



að foreldrar þorðu ekki lengur að senda börnin sín í strætó.

Skólar hér í bæ finna fyrir þessu mikla álagi og allir innviðir í sveitarfélaginu eru einfaldlega að sligast undan álaginu sem því fylgir að vera með allt of marga hælisleitendur og flóttamenn.

Allt er gott í hófi en það er ekkert hóflegt við þessa stöðu.

Vinstri meirihlutinn hér í bæ hefur ítrekað reynt að firra sig ábyrgð og bent á ríkið sem sökudólg. Það er ansi ómerkilegt að þeir sem stýra sveitarfélaginu og eiga að annast hagsmunagæslu þess gagnvart ríkinu telji ábyrgð sína enga vera.

Sterkur meirihluti hefði aldrei leyft þessu að gerast. Sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ hafa bent á þetta vandamál ótal sinnum en meirihlutinn hefur sofði á verðinum og bæjarbúar súpa nú seyðið af því.

Við höfum séð sambærileg sveitarfélög stíga fram af hörku þegar þau sáu í hvað stefndi. Stofnanir ríkisins hættu að angra þau sveitarfélög, en af einhverjum ástæðum er eins og Reykjanesbær geti tekið endalaust við. Útlendinga-

málin á Íslandi eru orðin algjörlega stjórnlaus. Á síðasta ári varð beinn kostnaður við málaflokkinn rúmlega 20 milljarðar, sem er tæplega 5.000% útgjaldaaukning á 11 árum. Við sem höfum barist fyrir innviðaupbyggingu á svæðinu um árabil vitum hvað hægt er að gera fyrir slíkar upphæðir. Auðvitað eigum við að taka á móti flóttamönnum eins og aðrar þjóðir en þessi mál mega ekki verða stjórnlaus. Við ættum að læra að reynslu nágrannaþjóða okkar í þeim efnum.

Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra verður með opinn fund um málaflokkinn ásamt Bjarna Benediktssyni utanríkisráðherra fimmtudaginn 22. febrúar, klukkan 18 í Grófinni 8. Um opinn fund fyrir alla bæjarbúa er að ræða og hvet ég alla til að mæta.

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is



Þakkir

HS Veitur vilja koma á framfæri innilegu þakklæti til þeirra fjölmörgu fyrirtækja og einstaklinga sem lagt hafa fyrirtækinu lið á síðustu dögum.

Viljum við sérstaklega þakka Veitum, Rarik, Landsneti, Norðurorku, píparasveit Almanna- og fjölmörgum verkötum á Suðurnesjum fyrir ómetanlega aðstoð með mannskap og búnað til að halda raforkukerfinu gangandi og við að koma hitavatnskerfinu í gang á ný.

Einnig viljum við koma á framfæri þakklæti til starfsfólkins okkar sem mikið hefur mætt á að undanfögnu.

hsveitur.is



Styrkjum raforku-dreifikerfin strax!

Þorvaldur Örn Arnason, íbúi í Vogum
Örn Þorvaldsson, fyrrverandi starfsmaður Landsnets

Þegar aðalæð hitaveitunnar á Suðurnesjum fer í sundur liggur beinast við að nota rafmagn til að halda hita í íbúðum vel yfir frostmarki. Í heitavatsleysinu um daginn skorti mjög raforku. Þar var flöskuhálsinn ekki Suðurnesjalína 1, eins og Landsnet og Guðlaugur Þór fullyrtu heldur afkastageta dreifikerfa í íbúðahverfum.

Ef 10.000 íbúðir á Suðurnesjum nota ekki öllu meira en 3 kílóvött (kW) hver, eins og almannavarnir mæltust til um daginn, þá gera það samtals 30 megavött (MW). Virkjanirnar á Suðurnesjum geta hæglega framleitt 150 MW, og gamla, góða Suðurnesjalína 1 (sem venjulega flytur raforku frá Suðurnesjum til Hafnarfjarðar) getur flutt önnur 150 MW innanfrá til okkar, ef á þarf að halda. Þannig geta 300 MW verið á boðstólum á Suðurnesjum og 30 MW

því aðeins 10% af þeirri raforku sem hægt væri að skaffa hér.

Dreifikerfi raforku í íbúðahverfum eru veiki hlekkurinn í öryggismálum okkar á Suðurnesjum. Mikil orka hefur farið í þras um háspennulínur, en flöskuhálsinn er bara alls ekki þar! Við værum engu bættari nú með risastóra Suðurnesjalínu tvö! En ef dreifikerfið réði við 6 kW notkun á hverju heimili, sem gerir alls 10.000 x 6 = 60.000 kW eða 60 MW (megavött), þá væri sémilega hlýtt í öllum húsum og nóg rafmagn til annara nota, þó heita vatnið færi af. Þá væru heimilin að nota 20% af þeirri raforku sem jarðhitavirkjanirnar á Reykjanesi og í Svartsengi framleiða og Suðurnesjalína 1 gæti í neyðartil-



viki flutt hingað. Aðeins 20%! Þetta eru sláandi tölur!

<https://www.landsnet.is/kerfisstjornun/aflflutningur/> Á vef Landsnets, á þessari slóð, sást um daginn að þrátt fyrir rafmagnsskort í íbúðum okkar í heitavatsleysinu var raforka allan tímann að streyma eftir Suðurnesjalínu 1 INN á höfuðborgarsvæðið, FRÁ Suðurnesjum! Suðurnesjavirkjanirnar eru drjúgar, gera meira en að fullnægja raforkuþörf hér. Blaður Landsnets og Guðlaugs Þórs

um að Suðurnesjalína II myndi bjarga einhverju er marklaus fullyrðing. Leiðinlegt að ráðherra og fyrirtæki í eigu okkar allra skuli ítrekað segja ósatt - í besta falli segja hálfan sannleikann.

Við erum hér að tala um brýnt öryggismál! Ef heita vatnið fer aftur - jafnvel um lengri tíma, þarf að styrkja dreifikerfi rafmagns um íbúabyggð Suðurnesja - og það strax. Því þarf að yfirfara og endurhugsa dreifikerfið með það í huga að það geti flutt meiri orku í neyð. Það á sérstaklega við um nýju hverfin. Það mætti t.d. gera með varatengingu (hringtengingu) milli svæða. Í þessu efni skiptir ný Suðurnesjalína II engu máli.

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Vinnuskóli Reykjanesbæjar:

- Forstöðumaður
- Leiðbeinandi Vinnuskóla Reykjanesbæjar (flokkestjóri 100% starf)
- Leiðbeinandi Vinnuskóla Reykjanesbæjar (flokkestjóri 50% starf)
- Leiðbeinandi ungmenna með sértækar stuðningsþarfir (flokkestjóri)
- Umsjónaraðili samskipta (aðstoðarforstöðumaður)
- Umsjónaraðili verklegs starfs (yfirflokkestjóri)

Önnur störf:

- Akurskóli** – Umsjónarkennari á miðstigi
- Duus safnahús** - Helgarstarf
- Félagsmiðstöð Háaleitisskóla** - Umsjónarmaður
- Velferðarsvið** - Starfsfólk í stuðningsþjónustu við börn
- Velferðarsvið** - Sumarstarf í íbúðarkjarna
- Velferðarsvið** - Heima- og stuðningsþjónusta, sumarafleysingar

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn
Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislur?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

Greinar og annað aðsent efni sem óskað er að birtist í Víkurfréttum þarf að hafa borist ritstjórn fyrir hádegi mánudags á netfangið vf@vf.is

Kæru Grindvíkingar 65 ára og eldri

Jónshús, félagsmiðstöð eldri borgara og Félag eldri borgara í Garðabæ, bjóða ykkur velkomin til þátttöku í félagsstarfi eldri Garðbæinga.

Af þessu tilefni viljum við bjóða ykkur að eiga góða samverustund í Jónshúsi, **Strikinu 6 í Garðabæ**, **miðvikudaginn 28. febrúar kl. 16.00** og þiggja kaffiveitingar ásamt því að kynnst félagsstarfinu í Garðabæ.

Kær kveðja

Garðabær, Jónshús og Félag eldri borgara í Garðabæ

GARÐABÆR, JÓNSHÚS OG FÉLAG ELDRI BORGARA Í GARÐABÆ



Var svolítið stressuð fyrst

– segir Hulda María Agnarsdóttir sem hefur vakið mikla eftirtekt með körfuboltaliði Njarðvíkur í Subway-deild kvenna í vetur en þessi gallharði Njarðvíkingur er aðeins fimmtán ára gömul og þegar farin að leika stórt hlutverk í efstu deild. Víkurfréttir settust niður með þessari efnilegu körfuboltakonu og spölluðu við hana um körfubolta – enda kemst fátt annað að hjá henni.



Hulda María byrjaði mjög snemma í körfubolta, aðeins fjögurra ára gömul. „Svo hætti ég í smá tíma og fór í fimleika, allar vinkonur mínar voru í fimleikum og þá vildi ég líka fara – en ég byrjaði aftur í körfubolta í lok árs 2020.“

Þú ert í tíunda bekk, ertu búin að ákveða hvað þú ætlar að gera eftir grunnskóla?

„Ég held að ég fari bara í FS,“ segir Hulda en hún hefur mikinn áhuga á innanhússarkitektúr og stefnir á nám í Bandaríkjunum að loknum framhaldsskóla.

„Síðan ég var mjög ung hefur mig langað að verða innanhússarkitekt og nokkrir skólar sem eru að kenna innanhússarkitektúr hafa haft samband. Ég er komin með umboðsmann fyrir háskólakörfuboltann og það eru margir stórir skólar búnir að hafa samband.“

Hvernig finnst þér að stíga inn í meistaraflokk aðeins fimmtán ára gömul? Þú ert búin að eiga alveg frábært tímabil.

„Mjög gaman, mjög skemmtilegar stelpur. Þetta getur verið svolítið stressandi að spila með þeim en ég reyni að vera ekki stressuð.“



Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is

Hvernig var þá að spila fyrsta leikinn?

„Fyrst var ég mjög stressuð en svo hef ég vanist þessu og finnst mjög gaman.“

Hulda María hefur vakið athygli enda má segja að þessi unga og efnilega körfuknattleikskona hafi stigið verulega upp eftir því sem liður á tímabilið.

Hvað ætlar þú að ná langt í körfuboltanum?

„Eins langt og hægt er, eða lengra.“

Er Njarðvíkingur í húð og hár

Hulda er mikill Njarðvíkingur og komin af góðu fólki. Pabbi hennar er Agnar Mar Gunnarsson, helsta áróðursmaskína Njarðvíkur, og körfuboltahæfileikana hefur hún sennilega erfð frá mömmu sinni, Svövu Ósk Stefánsdóttur, en hún er margfaldur Íslands- og bikarmeistari með Keflavík og lék fimmtán leiki með A-landsliði kvenna í körfuknattleik.

Hefur þú aldrei komið til greina að spila með Keflavík?

Hulda er ekki lengi að svara þessu: „Nei, aldrei! Ég er græn í gegn.“

Hvernig líst þér á tímabilið núna, hvernig heldurðu að þetta endi?

„Vonandi förum við alla leið og verðum Íslandsmeistarar, svo ætlum við líka að verða bikarmeistarar. Bara reyna að vinna allt. Þetta er mjög spennandi núna, sérstaklega á milli Suðurnesjaliðanna.“

Hvað gerir Hulda í frítímanum?

„Mér finnst gaman að hitta vinkonur mínar, læra og er mikið í símanum,“ segir hún og hlær.

Ertu góður námsmaður?

„Já, ég myndi segja það. Annars snýst frítíminn hjá mér bara um körfubolta; það eru styrktaræfingar, morgunæfingar o.s.frv.“

Þegar víðtalið fór fram var frídagur í skólanum hjá Huldu Maríu og hún notaði tímann vel, fór á morgunæfingu og svo var landsliðsæfing hjá henni seinni partinn en Hulda er í úrtaki fyrir U16 landslið Íslands.

„Ég var í U15 í fyrra og þá fórum við til Finnlands og spiluðum þrjá æfingaleiki á móti Finnlandi. Núna eru síðustu æfingarnar í úrtakshópi U16 áður en það verður valið í lokahópin. Ef ég kemst í hópinn þá förum við til Finnlands að keppta á Norðurlandamóti í byrjun júlí, svo förum við á EM í Tyrklandi um miðjan ágúst.“

Þú ert hógvær að segja; „ef ég verð valin“, er það nokkur spurning?

„Kannski – en ég vil ekki segja það, alla vega ekki strax.“

Eru fleiri Njarðvíkingar í úrtakshópnum með þér?

„Já, við erum fimm af 25 manna hópi. Það er ég, Sara [Björk Logadóttir], Kristín [Björk Guðjónsdóttir], Hólmfríður Eyja [Jónsdóttir] og Ásta María Arnardóttir en við erum búnar að spila saman í gegnum alla flokkana.“

Hverjar eru nú þínar helstu vinkonur í liðinu?

„Það er Sara, Kristín og Eyja – við erum alltaf saman.“

En hver er besta körfuboltakona sem þú hefur spilað með?

„Það er Emilie Hesseldal – og Selena Lott, þær eru frábærar,“ segir þessi frábæra körfuboltakona að lokum en hún verður ábyggilega ekkert síðri en þær þegar fram líða stundir.

Einar hættir hjá Keflavík eftir 30 ár – Björg nýr formaður

- Traustur rekstur hjá félaginu undanfarin ár
- Birgir Már Bragason tekur við sem framkvæmdastjóri

Það var sannkallaður tímamóta-aðalfundur hjá Keflavík, íþrótt- og ungmennafélagi, sem haldinn var síðastliðinn mánudag en það fagnar 95 ára starfi á þessu ári. Ungmennafélag Keflavíkur var stofnað árið 1929 en Keflavík er fertugt félag, það varð til með sameiningu UMFK og KFK (Knattspyrnufélags Keflavíkur) árið 1994. Einar Haraldsson, formaður og framkvæmdastjóri til þrjátíu ára, er að láta af störfum og embætti. Björg Hafsteinsdóttir, ein af körfuboltadætrum Keflavíkur, var kjörin formaður og nýr framkvæmdastjóri var einnig kynntur til leiks á aðalfundinum en við því starfi tekur Birgir Már Bragason.

„Þetta er orðið fínt en búið að vera sérlega skemmtilegt og ánægjulegt. Það skemmir heldur



Birgir Már Bragason tekur við framkvæmdastjórastöðunni af Einari. Hann afhenti fyrirrennara sínum þessa skemmtilegu teikningu af Einari.

ekki að félagið stendur vel rekstrarlega séð og líka félagslega sem sýndi sig kannski á fjölmönnum aðalfundi,“ sagði Einar Haraldsson eftir aðalfundinn í félagsheimili Keflavíkur.

Það er hægt að taka undir orð fráfarandi forystumanns en rekstur

Keflavíkur stendur traustum fótum og reksturinn skilaði átta milljóna króna hagnaði og við það bættust um sex milljónir króna í vaxta-tekjur og því heildarafkoma um fjórtán milljónir í plús. Staðan er þó misjöfn hjá deildum félagsins.

Björg Hafsteinsdóttir sagði í fyrstu ræðu sinni sem formaður Keflavíkur að hún hafi alla tíð verið mikill Keflvíkingur og hún hlakkaði til komandi tíma sem væru bjartir hjá félaginu.

Einar fékk margar viðurkenningar, m.a. frá Ungmennafélagi Íslands, bæjarstjórn Reykjanesbæjar, stjórn félagsins og hans helstu samstarfsaðilum innan Reykjanesbæjar. Einar þakkaði fyrir sig og var klökkur. „Mér er bara orða vant en afar þakklátur,“ sagði fráfarandi formaður og framkvæmdastjóri.

Birgir Már hefur verið viðlöndandi félagið í langan tíma og tekur við sem nýr framkvæmdastjóri 15. apríl. Tveir aðrir starfsmenn eru hjá Keflavík, Hjördís Baldursdóttir, íþróttastjóri, og nýlega var þriðji starfsmaðurinn ráðinn en það er Guðbjörg Björnsdóttir og sinnir hún fjármála- og skrifstofustjórn.

Nýir aðilar í aðalstjórn Keflavíkur voru kosnir þeir Stefán Guðjónsson og Þróstur Leó Jóhannsson. Með þeim eru, auk Bjargar, þau Eva Björk Sveinsdóttir, Garðar Newman, Jónína S. Helgadóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Garðar Örn Arnarson.



Einar Haraldsson, fráfarandi formaður og framkvæmdastjóri, og Björg Hafsteinsdóttir, nýr formaður Keflavíkur. vf/pket

Fjölmargar viðurkenningar voru veittar á aðalfundinum:

Starfsbikar Keflavíkur hlaut Kristján Helgi Jóhannsson. Silfurmerki Keflavíkur voru veitt þeim Björgu Hafsteinsdóttur, Jónínu S. Helgadóttur og Sveinbjörgu Sigurðardóttur. Bronsmerki Keflavíkur var veitt Garðari Newman. Silfurheiðursmerki Keflavíkur var veitt Helga Rafn Guðmundssyni. Starfsmerki UMFÍ voru veitt þeim Björgu Hafsteinsdóttur, Evu Björk Sveinsdóttur, Jónínu Steinunni Helgadóttur, Sveinbjörgu Sigurðardóttur, Ragnhildi H. Ingólfsdóttur og Davíð Óskarssyni en öll hafa þau starfað í óeigingjörnu sjálfbodaliðastarfi fyrir félagið.



Starfsmerki UMFÍ voru veitt þeim Björgu Hafsteinsdóttur, Evu Björk Sveinsdóttur, Jónínu Steinunni Helgadóttur, Sveinbjörgu Sigurðardóttur, Ragnhildi H. Ingólfsdóttur og Davíð Óskarssyni sem var ekki viðstaddur.



Aðalfundurinn var vel sóttur og salurinn þétt setinn.

Landsmót UMFÍ 50+ haldið í Vogum:

Strandarhlaupið endurvakið

„Þetta er langstersti viðburður sem Ungmennafélagið Þróttur hefur haldið og ég held að íbúar sveitarfélagsins megi vera stoltir af því að Vogar hafi orðið fyrir valinu til að halda Landsmót 50+“, segir Marteinn Ægisson, framkvæmdastjóri Þróttar í samtali við Víkurfréttir.

„Þetta er gríðarlega stórt verkefni og við stólum á að Vogabúar taki höndum saman til að gera mótið sem glæsilegast í alla staði – það hefur sýnt sig að samtakamáturinn hér í Vogum er mikill og góður þegar á þarf að halda og ekkert því til fyrirstöðu að Landsmót 50+ í sumar verði það flottasta frá upphafi“, segir Marteinn og bætir við að veðurspáin lofi góðu meðan á móttinu standi.

Kept í pönnukökubakstri og brennó í Vogum

Fulltrúar UMFÍ, Ungmennafélagsins Þróttar Vogum og Sveitarfélagsins Voga skrifuðu í síðustu viku undir samning um Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður í Vogum í sumar. Bóðið verður upp á klassískar greinar, pönnukökubakstur, brennó og margt fleira. Búist er við fjölmennasta móttinu frá upphafi.

„Við erum búin að ákveða keppnisgreinar og ég get upplýst að keppni í pönnukökubakstri er aftur komin á dagskrá ásamt strandarhlaupi, keppni í félagsvist og brennó á Landsmóti UMFÍ 50+ þegar það verður haldið í Vogum í sumar“, segir Petra Ruth Rúnarsdóttir, formaður Ungmennafélagsins Þróttar Vogum. Hún er jafnframt formaður framkvæmdanefndar mótsins sem verður haldið dagana 7. til 9. júní næstkomandi.

Landsmót UMFÍ 50+ er blanda af íþróttakeppni og viðburðum fyrir fimmtugt fólk og eldra sem allir snúast um að þátttakendur njóti samveru. Mótið er opið öllum sem verða 50 ára á árinu og þeim



Framkvæmdanefndin á fundi í síðustu viku. Hér má sjá Ómar Braga Stefánsson, framkvæmdastjóra móta UMFÍ, Petru Ruth, formann Þróttar Vogum, Tinnu Hallgrímsdóttur, afþreyingastjóra mótsins, keppisstjórarana Guðmund Stefán Gunnarsson, íþrótt- og tómsundarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga, og Sólrúnu Ósk Árnadóttur. Þá eru einnig á myndinni Rósa Sigurjónsdóttir, svæðisstjórnin Jóhann Ingimar Hannesson og Marteinn Ægisson, framkvæmdastjóri Þróttar Vogum, sem jafnframt sér um gistingu, veitingar og tjaldbúðir ásamt öryggisstjórn í félagi við Kristín Björgvinsson. Á myndina vantar Helgu Ragnarsdóttur.

sem eldri eru. Ekki er krafa um að þátttakendur séu skráðir í íþróttafélag.

Tónleikar í heimahúsum

Petra segir skipulag mótsins vera langt komið, bóðið verður upp á klassískar greinar eins og ringó og golf, boccia, pútt, frjálsar og að sjálfsgöngu stigvélakast ásamt mörgum fleirum. Til viðbótar verði kynningar á ýmsum greinum fyrir flesta aldurshópa. Þar á meðal verður spilið félagsvist og lomber, sem eru vinsæl í Vogum og Grindavík.

„Við verðum líka með strandarhlaup sem var haldið í tengslum við Fjölskyldudaga hér áður fyrr. Það verður opin og skemmtileg grein sem kemur í stað götu-hlaups“, segir Petra. Hún bendir á að líka sé mikil eftirspurn eftir því að keppa í brennó, sem hópur kvenna æfi í Vogum.

„Við erum að vinna með svo margar hugmyndir og skoðum

enn fleiri greinar og viðburði eins og tónleika og uppákomur í heimahúsum í Vogum á meðan móttinu stendur“, segir Petra og bætir við að allt þetta bætist við skemmtikvöldið sem haldið verður á laugardegi mótsins.

Í tengslum við fundinn skrifuðu Petra, Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Voga, undir samning um mótið. UMFÍ hefur haldið Landsmót UMFÍ 50+ frá árinu 2011 og verður það nú í samstarfi við Þrótt Vogum og Sveitarfélagið Voga.

Bæjarstjórinn Gunnar Axel er afar spenntur fyrir móttinu og býst við mjög góðri aðsókn fólks frá Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.

„Þetta gæti orðið fjölmennasta Landsmót UMFÍ 50+ frá upphafi enda margt í bóði. Við munum taka vel á móti öllum“, sagði hann.

Opnað verður fyrir skráningu á mótið í byrjun maí á umfi.is. Þar eru líka ítarlegari upplýsingar um Landsmót UMFÍ 50+.

Ítarlegri upplýsingar veita:

Petra Ruth Rúnarsdóttir, formaður Ungmennafélagsins Þróttar, 659 0739.

Marteinn Ægisson, framkvæmdastjóri Þróttar, 892 6789.

Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, 898 1095.

Allar frekari upplýsingar og skráning fer fram á umfi.is.



Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, Petra Ruth, formaður Ungmennafélags Þróttar Vogum, og bæjarstjórinn Gunnar Axel.



Körfuknattleikskonan Hulda Björk Ólafsdóttir er íþróttakona Grindavíkur annað árið í röð.

HULDA OG ALEXANDER íþróttafólk Grindavíkur

Körfuknattleikskonan Hulda Björk Ólafsdóttir og pílukastarinn Alexander Veigar Þorvaldsson voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarl Grindavíkur 2023. Karlalið Pílufélags Grindavíkur var útnefnt íþróttalið Grindavíkur 2023 og körfuknattleiksþjálfari Danielle Rodriguez þjálfari Grindavíkur 2023.

Á grindavik.is er sagt frá valinu og umsagnir um íþróttafólkið.

Hulda Björk Ólafsdóttir, íþróttakona Grindavíkur

Hulda er fyrirliði meistaraflokks kvenna. Hún er ótrúlega traust og trygg sínu liði, er mikill liðsmaður og mikil fyrirmynd fyrir bæði körfuknattleiksdeildina sem og UMFG í heild sinni. Hulda vill alltaf gera betur og leggur sig alltaf fram í að verða betri og tók hún þá ákvæðið að gefa ekki kost á sér í landsliðið til að hún gæti gefið allt sitt til liðsins.



Alexander Veigar Þorvaldsson, íþróttakarl Grindavíkur.

Alexander Veigar Þorvaldsson, íþróttakarl Grindavíkur

Alexander er einn af fremstu pílukösturum landsins þrátt fyrir ungan aldur og varð m.a. íslandsmeistari í krikket á árinu lenti í 2. sæti í 301. Hann var jafnframt íslandsmeistari með Pílufélagi Grindavíkur í keppni félagsliða og íslandsmeistari í U23 ára. Þá sigraði hann Reykjavík International Games og Akureyri Open. Alexander er í landsliði Íslands í pílukasti og keppti á Evrópu-meistaramóttinu á síðasta ári með fínum árangri.

Karlalið Pílufélags Grindavíkur, íþróttalið Grindavíkur

Liðið varð íslandsmeistari þriðja árið í röð á síðasta ári með nokkrum yfirburðum. Liðið skipa fremstu pílukastarar landsins sem hafa átt góðum árangri að fagna á mótum innanlands og eiga stóran hlut í vaxandi vinsældum pílukasts í Grindavík og á landinu öllu.



Danielle Rodriguez.

Danielle Rodriguez, íþróttþjálfari Grindavíkur

Auk þess að vera einn af lykilmonnum meistaraflokks kvenna í körfuknattleik hefur Danielle þjálfað yngri flokka í Grindavík og er aðalþjálfari U16 ára landsliðs stúlkna. Hún er dugleg að bjóða upp á aukaæfingar sem skilar sér í miklum framförum þeirra flokka sem hún þjálfar. Mjög mikil ánægja er með störf hennar af iðkendum, yfirþjálfurum og unglingaráði.

NAFNAR MÆTAST Á VÍGVELLINUM 1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“

Gunnar Már Gunnarsson er til alls líklegur í tipp-leik Víkurfréttanna eftir að hafa unnið íþróttaliðinn Sverri Þór Sverrisson á laugardaginn 9-7. Gunnar Már hefur ekki sparað stóru orðin og segir sagan að hann sé nú þegar farinn að skoða veitingastaði í London þegar bikarúrslitaleikurinn í Englandi fer fram 24. maí.

Íslenskir tipparar hafa ekki fundið sig að undanfönu, enginn var á meðal þeirra 35 tippara sem náðu þrettán réttum, hver um sig fékk rúmar 2,5 milljónir í sinn hlut. Einungis þrjú tipparar af 885 sem náðu tólf réttum voru Íslendingar og fær hver rúmar 37 þúsund krónur.

Áskorandi vikunnar er Keflvíkingurinn Gunnar Oddsson, fyrrum leikmaður og þjálfari félagsins. Gunnar flutti eins árs gamall til Keflavíkur frá Ísafirði og hóf snemma að æfa og leika knattspyrnu. Nítján ára var hann byrjaður að spila með Keflavík og átti frábæran feril með liðinu, varð t.a.m. bikarmeistari 1997. Gunnar lék ekki bara með Keflavík á ferlinum, hann kíkta við í vesturbænum og lék með KR og fór svo norður á Ólafsfjörð og lék með Leiftri tvö tímabil. Gunnar heldur með Tottenham í enska boltanum og Real Madrid í þeim spænska, ástæðan er einföld.

„Ég sá þessi lið mæta Keflvíkingum í Evrópukeppni, Tottenham árið 1971 og Real Madrid ári seinna, og þ.a.l. var einfalt að velja sér uppá-

haldslíð í þessum deildum. Það að halda með Tottenham í enska getur reynt á þórlifin, inn á milli mjög skemmtilegir á að horfa og maður byggir upp væntingar en svo ná þeir einhvern veginn alltaf að valda manni vonbrigðum, t.d. um síðustu helgi þegar við töpuðum á heimavelli fyrir Wolves.


Ég var nokkuð virkur tippari hér áður fyrr, þegar tippstarfið fór fram í félagsheimilinu við Hringbraut. Það lognaðist einhvern veginn út af þegar það færðist þaðan. Ég hef fylgst með þessum tippaleik á Víkurfréttum og hef séð umræðuna varðandi Brons-veitingastaðinn, það er kjörinn vettvangur fyrir tippað og skora ég hér með á einhvern gallharðan keflvískan félagsmann að halda utan um þetta. Ef Grindvikingarnir geta mætt á Brons og bóðið upp á tippþjónustu, hljótum við Keflvíkingar að geta það líka. Andstæðingur minn og nafni hefur heldur betur unnið gott starf í gegnum tíðina í Grindavík og er gaman að sjá hann halda sínu flotta starfi áfram á Brons vegna ástandans heima fyrir. Ég ætla mér að heilsa upp á nafna minn á laugardaginn og þó svo að ég víti hvað hann geti sem tippari hræðist ég hann ekki fyrir fimmeyring! Það er lesin tími til að lækka í honum rostandi, það má lesa úr skrifum hans að það megi í raun panta flugfarið fyrir hann á bikarúrslitaleikinn og hætta með

leikinn. Ég hef aldrei mætt í kappleik öðruvísi en ætla mér sigur og það verður engin breyting á því á laugardaginn“, sagði Gunnar Oddsson.

Gunnari Má list vel á að mæta nafna sínum í næstu umferð. „Það verður gaman að mæta nafna. Ég varð þess heidurs aðnjótandi að mæta honum inni á knattspyrnavellinum, hann var hörku fótboltamaður. Mér er minnststætt í leik okkar Grindvikinga á móti Leiftri þegar nafni lét samherja minn, Þórarinn Ólafsson, vita áður en hann ætlaði að „klobba hann“. Nafni stóð við stóru orðin, „klobbaði“ Þóra snilldarlega sem svaraði stórkostlega fyrir sig með þessum fleygu orðum: „Hey, það er bannað að segja!“

Annars veit ég að nafni er keppnismaður og eðlilega ætlar hann sér ekkert nema sigur gegn mér, annað væri óeðlilegt. Ég hef hins vegar nákvæmlega engar áhyggjur af honum og bíð spenntur eftir að vita hvern Víkurfréttir draga upp úr hattinum næst til að reyna hægja á mér“, sagði hinn hógværi Gunnar Már að lokum.

Skemmtileg tilviljun að það má líta á leikinn sem einvígi tryggingarisanna Sjóvá og TM, Gunnar Már hefur verið umboðsmaður Sjóvá í Grindavík til fjölda ára og nafni hans Oddsson vinnur fyrir TM, mest í Reykjavík en líka í Reykjanesbæ.



G. Már	Seðill helgarinnar	G. Odds
☒ ☐ ☐	Arsenal - Newcastle	☒ ☐ ☐
☐ ☐ ☒	Bournemouth - Man.City	☐ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Brighton - Everton	☒ ☒ ☒
☒ ☒ ☐	Man.Utd. - Fulham	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Aston Villa - Nott.Forest	☒ ☐ ☐
☒ ☒ ☐	Crystal Palace - Burnley	☒ ☐ ☐
☐ ☐ ☒	Blackburn - Norwich	☐ ☐ ☒
☒ ☒ ☐	Cardiff - Stoke	☐ ☒ ☐
☒ ☒ ☒	Middlesbro - Plymouth	☒ ☒ ☐
☒ ☐ ☐	Q.P.R. - Rotherham	☒ ☐ ☐
☒ ☒ ☒	Sheff.Wed. - Bristol City	☒ ☒ ☒
☒ ☐ ☐	Sunderland - Swansea	☒ ☒ ☐
☒ ☐ ☐	Watford - Huddersfield	☒ ☒ ☐

Laufey okkar!

Ég er vandræðalega spennt fyrir kvöldinu í kvöld. Ég er svo heppin að vera að fara á tónleika með Laufeyju og get hreinlega ekki beðið. Eins og allir Íslendingar er ég að rifna úr stolti yfir nýjasta Grammyverðlaunahafanum okkar, dáist að þessari stórkostlega hæfileikaríku tónlistarkonu sem er að leggja heiminn að fótum sér. Þegar maður býr í útlöndum verður maður jafnvel ennþá stoltari. Ég þarf að segja öllum frá henni og hversu ótrúlegt ferðalag hennar að heimsfrægð hefur verið. Það skemmtilega er að flestir hafa

LOKAORD



RAGNHEIÐAR ELÍNAR

þegar heyrt af henni. Hún er nefnilega algjörlega búin að meika það. Ég bjó í Bandaríkjunum þegar Björk var á svipuðum stað í heimsfrægðinni og var svo heppin að sjá

hana á tónleikum í New York árið 1995. Ég gleymi því aldrei hvað ég var stolt þegar salurinn hreinlega trylltist þegar hún steig á svið. Það sem var svo magnað var að meirihluti tónleikagesta kunni greinilega öll lögin utan að og söng hástöfum með, líka með lögnum sem voru á nýútkomnu plötunni og ég hafði varla heyrt.

Það er ákveðinn samnefni með þessum tveimur stórkostlegu tónlistarkonum, tónninn í tónlistinni þeirra er nýr, frumlegur, ferskur og framandi. Þær búa til strauma í stað þess að elta þá og ná fyrir vikið óskiptri athygli.

Íslenskt tónlistarlíf er magnað og hreint með ólíkindum hversu

marga heimsfræga tónlistarmenn við „eigum“ – því auðvitað á íslenska þjóðin í þeim hvert bein. Og við Suðurnesjamenn ekki síst – Of Monsters and Men er sko hljómsveitin okkar, með Keflvíkinginn Brynjar og Garðbúann Nönnu í forgrunni. Algjörlega frábær. Það eru mikil verðmæti fyrir litla þjóð að „eiga“ svona góða listamenn – menningarlegt gildi að sjálfsgöðu, en einnig og ekki síst á venjulega efnahagsmælikvarða með allri þeirri landkynningu sem velgengni þeirra fylgir. Bravó!

Ég hlakka ótrúlega mikið til kvöldins. Get hreinlega ekki beðið!



Mundi

Ekkert partístand
Grindvíkingar og þið breytið
ekki þessu kalda vatni í vín!

Ungmennni blása til góðgerðartónleika

Það er kraftur í ungmennum í Reykjanesbæ en seint á síðasta ári fæddist hugmynd hjá þeim sem stýra Nemendafélagi Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjörheimum og Ungmennaráði Reykjanesbæjar, að halda góðgerðartónleika. Eftir að nokkrum hugmyndum hafði verið kastað á milli var ákveðið að styðja við bakíð á Grindvíkingum. Margt af þekktasta tónlistarfólki Íslands kemur fram á tónleikunum auk tónlistarmanna af Suðurnesjum. Tónleikarnir verða haldnir í Hljómahöllinni fimmtudagskvöldið 7. mars.

Thelma Hrund Hermannsdóttir er aðstoðarforstöðumaður Fjörheima og Leó Máni Nguyen er formaður NFS. Hann fór yfir aðdragandann.

„Þegar ég var í framboði til formanns NFS langaði mig alltaf til að gera eitthvað stórt, eitthvað sem myndi vekja athygli á nemendafélaginu. Ég hittí Thelmu og þau hjá Fjörheimum, ég vissi að þau höfðu áður haldið góðgerðartónleika og hugmyndin fæddist, að gera þetta saman því við náum öll til mismunandi aldursþópna. Fjörheimar eru með tengingu við foreldrana, við með aldurinn frá sextán upp í kannski 22 ára. Við köstuðum einhverjum hugmyndum á milli okkar varðandi góðgerðarmálefni en svo áttuðum við okkur á að Grindvíkingar eiga við ansi sárt að binda og ákvörðunin var mjög auðveld. Við fórum strax af stað og hefur gengið ótrú-

lega vel að undirbúa þetta. Það er mikill kraftur í okkur ungmennunum og allir til í að leggja verkefnið lið. Valur Axel Axelsson sem er markaðsstjóri NFS hefur haft samband við allt tónlistarfólkið og alls staðar hefur okkur verið vel tekið. Einhverjir uppteknir eins og gengur og gerist en allir mjög jákvæðir. Ég er mjög stoltur af dagskránni, ég lofa frábærum tónleikum þar sem GDRN, Mugison, Valdimar, Unnsteinn Manúel og Klara Elías bera hæst en auk þeirra kemur tónlistarfólk frá Suðurnesjum fram. Við fengum líka frábæran kynni, Villi Netó er mjög fyndinn og skemmtilegur.“

Thelma er ánægð með kraftinn í ungmennunum. „Við höfum í raun ekki þurft að gera neitt, krakkarnir hafa séð um þetta frá a til ö. Við erum þeim bara til halds og trausts, það virðist samt vera



óþarfi því þau vilja gera þetta sjálf, henda sér bara út í djúpu laugina og ef þau reka sig á læra þau af því. Mitt hlutverk hefur kannski verið að koma að því hvernig eigi að útteila þeim pening sem mun safnast. Ég hafði samband við sr. Elínborgu Gísladóttur, sóknarprest í Grindavík og við ákváðum að skipta því sem safnast á milli styrktarsjóðs Grindavíkurkirkju og styrktarsjóðs Rauða krossins. Þessir aðilar eru í tengslum við félagsþjónustuna í Grindavík og við vitum að fjármunirnir munu renna til þeirra sem virkilega þurfa á þeim að halda.

Ég hef fulla trú á að það verði uppselt á þessa tónleika, ég myndi allan daginn mæta til að sjá þessa flottu tónlistarmenn og ekki skemmir fyrir að vita að verið sé að styrkja gott málefni í leiðinni. Okkur hefur alls staðar verið vel tekið, fyrirtæki vilja styrkja málefnið, ekki bara í formi peninga heldur í formi veitinga og happaðrættisvinninga. Það er virkilega gaman og gefandi að fá að taka þátt í svona verkefni og ég hlakka mikið til 7. mars,“ sagði Thelma að lokum.



■ Nýr leikskóli í Reykjanesbæ

Asparlaut opnar næsta vetur

Leikskólinn Garðasel í Reykjanesbæ mun flytja starfsemi sína í nýtt húsnæði veturinn 2024. Nýi leikskólinn er staðsettur í Hlíðarhverfi í Reykjanesbæ og stendur við Skólaveg og Asparlaut, í nýju hverfi þar sem göturnar heita allar eftir Laut. Nafn nýja skólans verður Asparlaut.

Starfsfólk, börn og foreldrar hafa fengið tækifæri til að koma með hugmynd að nafni fyrir þennan glæsilega skóla og fjöldamargar tillögur hafa borist til skólastjórnenda. Skólastjórnendum og starfsfólki finnst mikilvægt að nafnið sé einstakt og finnst ekki á öðrum stöðum á landinu, eins og þekktist með nafn Garðasels sem oft er ruglað saman við leikskólann Garðasel á Akranesi og leggja skólastjórnendur til að leikskólinn fái nafnið Asparlaut. Menntaráð samþykkir nafnið Asparlaut samhljóða.

SKODA

Škoda Kodíaq

Fjór hjóladrifni ferðafélaginn



2.0 Dísel / Sjálfskiptur / 2,5 tónna dráttargeta

Škoda Kodiaq hefur slegið í gegn fyrir aksturseiginleika, tækni og snjalla hönnun. Komdu og reynsluaktu!

Fimm ára ábyrgð eða 100.000 km hjá Heklu - hvort sem kemur á undan.

H Hekla



BÍLAKJARNINN

Njarðarbraut 13 • 260 Reykjanesbær • Sími 421 2999 • bilakjarninn.is